

## BÓKUN 4

Samningsaðilarirnir skuldbinda sig til að greiða fyrir frjálsri för fólks á yfirráðasvæðum sem falla undir þennan samning. Þeir eru aðilar að eftirtöldum Norðurlanda-samningum sem fjalla um sameiginlegan norrænan vinnumarkað, almannatryggingar og félagslega aðstoð, og hafa að geyma grundvallarreglur þar að lútandi:

Norðurlandasamningi um sameiginlegan norrænan vinnumarkað, undirrituðum 6. mars 1982. Samningurinn öðlaðist gildi 1. ágúst 1983. Hann tók gildi að því er varðar Færeyjar 1. apríl 1992.

Norðurlandasamningi um félagslega aðstoð og félagslega þjónustu, undirrituðum 14. júní 1994. Samningurinn öðlaðist gildi 1. október 1996 og tók gildi að því er varðar Færeyjar sama dag.

Norðurlandasamningi um almannatryggingar, undirrituðum 18. ágúst 2003. Samningurinn öðlaðist gildi 1. september 2004. Norðurlöndunum hefur verið tilkynnt um að hann hafi tekið gildi að því er varðar Færeyjar og hann verður birtur í Færeyjum í september 2005.